

ekki gerð tæmandi skil í ávarpi þessu, en við viljum beina athygli að nokkrum atriðum.

Námi í skólum sé hagað á sama veg hjá piltum og stúlkum.

Unglingar af báðum kynjum fái að kynna öllum greinum atvinnulífsins.

Karlar og konur hafi ætíð jafnan rétt og beri einnig jafnar skyldur sem einstaklingar, foreldrar og þjóðfélagsþegnar.

Leitast verði við að tryggja jafna aðild beggja kynja í ákvörðunum og stefnumótun innan fjölskyldunnar og á vettvangi héraðsmála, landsmála og alþjóðlegra samskipta.

Í atvinnulífinu fari fram endurmat á fyrirvinnuhugtakinu og afnumin verði mismunun starfsskiptingar eftir kynjum og sá launamismunur kynja, sem nú ríkir.

Félagsleg aðstaða og réttindi séu ætíð miðuð við báða foreldra. Gildi þetta um heimilisástoð vegna veikinda barna, leyfi á fullum launum fyrir foreldra vegna barnsburðar konu og heimilisstarfa í því sambandi, vistun á dagheimilum, leikskólum og skóladagheimilum o.fl.

Foreldrar í föstu starfi skuli eiga þess kost að vinna hluta úr starfi tímabundið eða fá leyfi frá störfum í allt að tvö ár vegna ungra barna sinna.

Veigamikil atriði, sem ásamt öðrum stuðlar að jafnari þjóðfélagsástoðu í framkvæmd, er að skapaðir séu á aðgengilegan hátt möguleikar til endurhæfingar í störfum viðbótarmenntunar og starfsþjálfunar á sem flestum sviðum atvinnulífsins.

bágari tekjur. Lægri tekjur merkja fátæklegri efnahag. Þótt barist sé af þrjósku og hörku hlýtur í þessu tilviki til þessara endaloka að draga: Annaðhvort verður konan að hætta námi og byrja aftur að erfiða illa launuð störf, sem veldur því að börnin hennar dæmast til að fara á mis við ýmislegt er gert gæti þau að hæfari einstaklingum í stríði þessa heims, — eða hún leitir á náðir „hins opinbera“ í von um aðstoð.

Hún velur síðari kostinn. Þá tekur kerfið að snúa sínum hjólum. Í fyrstu hratt og hávaðalega eins og tómar kaffikvarnir og lofar þessu í dag og hinu á morgun, — en síðan hægist gangurinn uns kvörnir malar ekki meir. Þá er að spyrja að efndum og athöfnum. Hinni einstæðu móður er boðin „aðstaða“ er jafnvel illgjörnustu mönnum finnst öllu heldur vera örgun og móðgun fyrir þá ósvifni að neita að lúta þeim kvenlegu örlögum að verða sljó vinnukind, er aðeins getur veitt börnum sínum frumstæðustu klæði og skæði.

Það þarf væntanlega ekki að taka það fram, að í þessu dæmi neyðist konan til að hætta námi. En finnst ykkur það ekki kaldhæðnisleg örlög í lýðræðisríki þar sem jafnrétti á að ríkja? Er það ekki dæmalaus sóun á gáfum og hæfileikum er gætu orðið samfélaginu til mikillar blessunar? Og er það ekki hrein og klár mannvonska að meina ungum börnum að njóta þess réttar til andlegs og líkamlegs vaxtar er þeim ber að guðs og manna lögum?

Til er félag einstæðra foreldra. Starfandi er einnig félagshópur sem kennir sig við rauða sokka. Og loks sitja nokkrar konur niðri í alþingishúsi og hugsa um velferð þjóðarinnar auk allra þeirra karlmanna sem rembast við að bjarga landinu. Dæmisagan hér að ofan er ekkert einsdæmi. Hún er að gerast allt í kringum okkur — nú í dag. Hefur engum af þeim aðilum, er ég nefndi, áður hugsað út í að gera eitthvað til að þessar konur, sem af þrautseigju og fornfýsi þrá að leggja sitt af mörkum til að við búum við sanna velferð, þurfi ekki að treysta á eintóm kraftaverk til að sjá drauma sína rætast.

Eg veit ekki hve fadírinn, sonurinn og hinn heilagi andi verða örlátir á kraftaverk á þessu kvennaári. En mig grunar að höfðingi nedri byggða hugsu gott til glóðarinnar að fitna á þeirri jötu er fyllt er af fólksuverkum þjóðfélagsins í garð einstæðra mæðra.

Sigurður Guðjónsson



Yndislegt er úti vor (frá 1926)

KJARVAL

OG
MEISTARI
JAKOB

Fyrir viku voru Kjarvalsstaðir opnaðir á ný, en þar hafði verið lokað frá því að síðustu þjóðháttarsýningunni lauk. Aðeins austursalurinn (Kjarvalssalur) var opnaður, því engin sýning hafði verið ákveðin í vestursalnum í þessum mánuði.

Nú þegar þetta er skrifað hafa miklar breytingar orðið á áætlun hússins. Sýningarráð Kjarvalsstaða hafi neitað Jakobi Hafstein um afnot af vestursalnum, og hann vísaði þessari ákvörðun til borgarráðs, sem nú hefur fellt þann dóm að verk Jóhannesar Kjarvals eigi að vikja úraustursalnum fyrir myndum Jakobs Hafsteins. Eg hef nú ekki trú á því að hér með sé þessu máli lokið, enda mun Félag íslenskra myndlistarmanna ætla að halda fund í kvöld og ályktun þess fundar mun jafnvel hafa birst þegar þetta verður prentað.

Ef Kjarval hefði lifað, hefði hann orðið níræður á þessu ári, en nú virðist sem nýr meistari sé upp risinn sem veit hafi honum úr sessi. Það getur því svo farið að nú sé hver að verða síðastur að sjá þær myndir Kjarvals sem enn hanga unni að Kjarvalsstöðum, úr því að slíkir snillingar eru upprisinir hér á landi að borgarráð verður að gripa í taumana til að koma þeim á framfæri, þvert ofan í vilja sýningarráðs Kjarvalsstaða, og án þess að leita álits hússtjórnar.


Myndirnar hér á síðunni eru af nokkrum þeirra Kjarvalsmynda sem Reykjavíkurborg bærust að gjöf á síðasta ári.

Stéttarfélag myndlistarmanna

Nákvæmlega 1269 norskir myndlistarmenn hafa nýlega sameinast og myndað með sér sitt eigið stéttarfélag. Tilgangur stéttarfélags þessa er að rækja hagsmunamála myndlistarmanna gagnvart opinberum aðilum og einka-listneytendum. Þar að auki er ráðgert að starfa eftir stefnuskrá, í þrem liðum, er fer fram á sæmandi gjald fyrir vinnu myndlistarmanna, aukna notkun myndlistarverka, og, í þriðja lagi, tryggingu fyrir lágmarks-launum listamönnum til handa.

Formaður hinna nýstofnuðu samtaka, Victor Lind, segir: „Þetta er það, sem við höfum beðið eftir í heila öld“.

T.Ó.



Hugarkvöl (1945)



Mynd af Guðmundi Davíðssyni

GLENS

Í sóknarnefnd í lítilli sókn vestur á fjörðum var einn maður, sem þótti sopinn ansi góður. Og nefið á manningum hafði tekið smálitbreytingum gegnum árin og stóð nú beinlínis í blóma.

Þetta var mikið rætt á sóknarnefndarfundum, og sérstaklega hvaðan þessi litur kæmi.

— Eg skal segja ykkur það, sagði eigandi nefnsins eitt sinn — Það roðnar af stolti yfir að hafa aldrei verið rekið í það sem því kemur ekki við!

Hún var í kaffi hjá vinkonu sinni og sagði frá:

— Og hugsadu þér bara, þegar ég var að komast heim stoppar billinn á miðri götunni. Á miðri götunni — bílaður! Nú, ég hringdi í FÍB og það kom bill frá þeim. En af því að ég var ekki félagi spurði ég hvað það kostaði að draga mig — eða billinn — á verkstæði.

Eg segi og skrifa, það kostaði 2000 krónur!

Eg varð auðvitað rasandi vond, en veistu bara hvað! Eg hugsaði sko með mér: — Þeir skulu sko fá að vinna fyrir peningunum. Svo ég notaði bæði hand- og fót-bremsur alla leiðina!